

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hafnarfjarðarkaupstað.

Deiliskipulag fyrir Selhraun norður.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, á fundi sínum þann 3. október 2006, deiliskipulag fyrir Selhraun norður í Hafnarfirði. Í deiliskipulagi Selhrauns norðurs er gert ráð fyrir 18 athafnalóðum og er nýtingarhlutfallið á lóðunum á bilinu 0,20-0,48. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 1-2 hæða byggingum og er hámarkshæð bygginga 7,5 m yfir gólfkóta. Farið var með deiliskipulagið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og það yfirfarið af Skipulagsstofnun.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag fyrir Selhraun suður.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, á fundi sínum þann 3. október 2006, deiliskipulag fyrir Selhraun suður í Hafnarfirði. Í deiliskipulagi Selhrauns suðurs er gert ráð fyrir 29 athafnalóðum og er nýtingarhlutfallið á lóðunum á bilinu 0,15-0,54. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 1-2 hæða byggingum og er hámarkshæð bygginga 7,5 m yfir gólfkóta. Farið var með deiliskipulagið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og það yfirfarið af Skipulagsstofnun.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 23. október 2006,

Anna Sofia Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 6. nóvember 2006